

Nd.

123. Frumvarp til laga

[88. mál]

um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Hlutverk sjóðsins skal vera það, að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma.

Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra.

2. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð fimm mönnum, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélagss Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda og tveir án tilnefningar. Formaður sjóðsstjórnarinnar skal vera forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, sem greiðist með öðrum kostnaði úr sjóðnum.

3. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs úthlutar lánum og styrkjum úr sjóðnum. Af því fé, sem ráðstafað verður úr sjóðnum á ári hverju eftir 1966, má eigi verja meiru en $\frac{1}{3}$ hluta til styrkveitinga.

Um hver áramót skal stjórn Framleiðnisjóðs láta landbúnaðarráðherra í té skýrslu yfir störf sín og fjárveitingar úr sjóðnum á liðnu ári. Jafnframt skal sjóðsstjórnin senda landbúnaðarráðherra til athugunar fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir komandi ár og greinargerð um þau meginverkefni, er að kalla.

Við afgreiðslu þeirra mála, sem falla undir verksvið Framleiðnisjóðs, er stjórninni heimilt að leita aðstoðar opinberra stofnana og hvers þess aðila, sem hefur sérþekkingu til að bera á þeim málum.

4. gr.

Stofnframlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal vera 50 millj. krónur.

Af stofnframlaginu greiðast 20 millj. krónur á árinu 1966 og skal stjórn Framleiðnisjóðs ráðstafa þeirri fjárhæð að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbún-

aðarins, til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar hafa verið á árinu 1966. Eftirstöðvarnar, 30 millj. krónur, skulu greiðast með jöfnum árlegum greiðslum á árunum 1967—1969.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur umsjón með Framleiðnisjóði, sér um bókhald hans og rekstur, eftir nánara samkomulagi við sjóðsstjórnina.

Framleiðnisjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, skulu undanþegnar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett framleiðnisjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

Stjórn sjóðsins semur um þóknun til Búnaðarbankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

6. gr.

Um endurskoðun og bókhald Framleiðnisjóðs fer eftir lögum nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, og reglugerð hans.

Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn hans til staðfestingar.

Reikningar Framleiðnisjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs ákveður vexti af lánnum og önnur lánskjör, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 29. september s. l. skipaði landbúnaðarráðherra fimm manna nefnd til að semja frumvarp um framleiðnisjóð landbúnaðarins. Í nefndina voru skipaðir Ólafur Björnsson, prófessor, Jón Þorsteinsson, alþingismaður, Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda, Kristján Karlsson, fyrrv. skólastjóri og Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri, sem var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur samið frumvarp þetta og fylgdi því eftirfarandi greinargerð.

Tilgangur þessara laga er tvíþættur. Í fyrsta lagi er þeim ætlað að stuðla að nauðsynlegum breytingum á framleiðslu landbúnaðarins í heild, þannig að hún fullnægi sem bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma og sé í samræmi við markaðsaðstæðurnar, bæði innan lands og utan.

Í öðru lagi er lögunum ætlað að stuðla að aukinni hagkvæmni í framleiðslu landbúnaðarafurða, svo að framleiðsluafköst í landbúnaði megi verða sem mest, miðað við fjármagn og vinnuafli, án þess að því fylgi aukin framleiðsla.

Um fyrra atriðið er það að segja, að nauðsynlegt er að haga svo framleiðslu búvara, sem þarfir þjóðarinnar krefjast, og að sá hluti framleiðslunnar, sem út kann að vera fluttur, sé í fyllsta samræmi við markaðsaðstæðurnar hverju sinni, en með því að hvort tveggja getur tekið breytingum nokkuð skyndilega, en það tekur ávallt lengri tíma að breyta framleiðsluháttum landbúnaðarins, getur það verið nauðsynlegt að flýta fyrir þeim breytingum með beinni aðstoð, eins og lög þessi gera ráð fyrir.

Það er t. d. á flestra vitorði, að nú sem stendur er sauðfjárframleiðsla landsmanna nær því að geta framleitt fyrir erlent markaðsverð en mjólkurframleiðslan.

Reynt hefur verið að örva menn til sauðfjárframleiðslu með verðtilfærslu milli mjólkur og kjöts. Slík verðtilfærsla hefði þá jafnframt átt að draga úr mjólkurframleiðslunni. Reynslan hefur samt orðið sú að framleiðsluaukningin hefur orðið enn meiri í framleiðslu mjólkur en sauðfjárafurða, og sáralítið hefur borið á því að menn dragi frekar saman framleiðslu mjólkur í sveitum, sem betur henta fyrir sauðfjárframleiðslu, og hafa auk þess ófullnægjandi markaðsskilyrði fyrir mjólk, heldur en í sveitum, sem betur eru fallnar fyrir mjólkurframleiðslu, bæði landfræðilega og markaðslega séð. Takmörk hljóta að vera fyrir því hve mikil slík verðtilfærsla má verða, svo ekki valdi hún beinu fráhrarfi frá mjólkurframleiðslu á þeim svæðum, sem mjólkurinnar er þörf. Það er álit margra, að ekki sé skynsamlegt að ganga lengra á þeirri braut, sem farin hefur verið í þessum efnunum á undanförunum árum.

Sauðfjárbúskapur þarf verulega meira fjármagn, bæði í stofnkostnað og reksturskostnað, en mjólkurframleiðslan. Sérstaklega verður þessi mismunur tilfínnaður, ef breyta á um frá mjólkurframleiðslu og yfir í sauðfjárrækt. Við breytinguna missir framleiðandinn tekjur af fullvöxnum gripum en fær í staðinn ungvíði, sem gefa ekki af sér neinar verulegar tekjur fyrstu 2—3 árin.

Flestir munu sammála um það að sauðfjárrækt verður ekki aukin hérlendis að neinu ráði, nema til kæmi sérstök heitirækt og síðan skipting beitarrandsins niður í afgirt beitarrhölf. Við slíkt sparast mjög mikil vinna við smölun, sem nú er að verða miklum örðugleikum bundin, vegna mannfæðar í sveitunum. Það gæti m. a. verið eitt af verkefnum Framleiðnisjóðs að létta undir í þessum efnunum, eftir því sem sjóðsstjórnin telur nauðsynlegt.

Þá þarf að stuðla að byggingu hentugri fjárhúsa, sem eru ódýrari, en þó jafnframt hagkvæmari en þau fjárhús sem nú eru byggð. Kæmi þar vel til greina að verðlauna nýjungar á því sviði, sem einstakir bændur kæmu með og sem væru verðugar sérstakra verðlauna, að dómi sjóðsstjórnarinnar.

Þó hér hafi verið nefnt sem dæmi tilfærsla frá mjólkurframleiðslu yfir í sauðfjárrækt, getur sjóðsstjórnin einnig varið fé úr sjóðnum til þess að auðvelda hvers konar breytingar aðrar á framleiðslunni, enda séu þær breytingar réttmætar að dómi sjóðsstjórnarinnar og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Á þetta auðvitað einnig við um hvers konar nýjungar á sviði framleiðslumálanna, sem upp kunna að koma hverju sinni og líklegar eru til að gefa góðan árangur.

Annar aðaltilgangur laganna er að auka framleiðni í landbúnaðinum.

Það er vitað, að mikil framleiðsluaukning hefur verið í landbúnaðinum á undanförunum árum. Talið er að heildarverðmæti landbúnaðarins verðlagsárið 1965/1966 séu um 2200 milljónir króna. Ef íala bænda er sögð vera 5500, samsvavar þetta um 400 000.00 krónum á hvern bónda að meðaltali.

Þó er bændastéttin, sem heild, talin tekjulægsta stétt þjóðfélagsins, þegar allur tilkostnaður hefur verið frá dreginn. Þetta bendir til þess, að mjög mikill mismunur sé á tekjum bænda innbyrðis og einnig, að óhagkvæmni gæti í sjálfum rekstrinum. Vitað er, að margir bændur hafa góðan arð af búum sínum, þó ekki sé um „stórbú“ að ræða, en margur bóndinn, sem þó býr „stórbú“ á lítið sem ekkert eftir að lokum. Hvað veldur slíkum mismun? Sjálfsagt koma þarna til greina hin margvíslegustu atriði, allt frá sjálfri jarðræktinni til fóðrunar búpeningsins. Hér verða þessi atriði ekki talin, en gert er ráð fyrir því að stjórn sjóðsins verji allmiklu fé til hagfræðilegra rannsókna á því hvað veldur hinni mismunandi góðu afkomu hjá bændum og styrki síðan þá bændur til umbóta og breytinga, sem vilja koma betra lagi á búskap sinn, enda séu þá þær endurbætur gerðar að ráði og undir eftirliti sérfróðra manna, er stjórn sjóðsins viðurkennir, og er þá gert ráð fyrir að áður nefndar rekstrarrannsóknir verði lagðar til grundvallar slíkum breytingum á rekstri bóndans. Kjörorðið verður að vera: minni tilkostnaður á hverja framleiðslueiningu.

Þá er lögnum einnig ætlað að koma á breytingum á vinnslu- og dreifingar-kerfi landbúnaðarins, er gæti gert það ódýrara, til gagns jafnt fyrir framleiðendur og neytendur.

Í landinu eru starfrækt rúmlega 100 sláturhús. Mörg þeirra eru mjög litil með ófullkomna aðstöðu til þeirra verka, sem þeim eru ætluð. Dæmi eru um það að í sama þorpi séu þrjú sláturhús, öll með mjög ófullkomna aðstöðu. Hins vegar skortir fyrirtækin oft fé til að byggja eitt sameiginlegt og myndarlegt sláturhús og leggja þá niður mörg smærri hús. Við það sparast mikið mannhald við slátrunina, og hægt er að koma við nýjustu tækni við slátrunina og viðhafa fullkomið heilbrigðiseftirlit. Á sláturhúsafyrirkomulaginu er sá galli að húsín eru notuð aðeins nokkurn tíma úr árinu. Úr þessu þarf að bæta með því að stuðla að einhvers konar kjötvinnslu í húsunum þann tíma úr árinu, sem þau eru ekki notuð til slátrunar. Á þann hátt má vænta þess að upp komi vísir að slátrarastétt héraendis, en skortur er nú mikill á sérhæfðu fólki til sláturstarfa. Í meðferð mjólkurinnar eru ýms atriði, sem geta gert kostnaðinn minni og sparað talsverða vinnu frá því, sem nú er. Ber hér fyrst að nefna tankflutninga á mjólk frá bændum til samlaganna í stað þess brúsaflutnings, sem nú á sér stað.

Að þeim verkefnum, sem hér hafa verið nefnd, er ætlað til að stjórn sjóðsins vinni, svo og ýmsum fleiri verkefnum, er geta talizt hafa áhrif í þá átt að auka framleiðni landbúnaðarins og gera framleiðslu landbúnaðarins verðmeiri en nú er.

Um fjáröflun til Framleiðnisjóðs eru ákvæði í 4. gr. frumvarpsins.

Er gert ráð fyrir 50 millj. kr. stofnframlagi ríkissjóðs, er greiðist í samræmi við ákvæði 4. gr.